

# Samningur

milli

Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

og

Samtaka atvinnulífsins (SA)

annars vegar

og

hins vegar

Sjómannasambands Íslands (SSÍ)

fyrir hönd,

Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Snæfellinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Stéttarfélagssins Samstöðu, Öldunnar - stéttarfélag, Sauðárkróki, Sjómannafélags Ólafsfjarðar, Sjómannafélags Eyjafjarðar, Framsýnar, stéttarfélag, Verkalýðsfélags Þórshafnar, ASA vegna AFL - starfsgreinafélags, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélagsins Bárunnar, Eflingu stéttarfélagi, Sjómanna - og vélstjórafélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis.

**um framlengingu á kjarasamningum aðila með eftirfarandi breytingum:**

## 1. Hækkun kaupliða

*Grein 1.03 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærileg grein í ASA orðist þannig vegna breytinga á kauptryggingu og annarra kaupliða:*

„Frá gildistöku samnings þessa skulu kauptrygging og aðrir launaliðir hækka sem hér segir:

Tímakaup skal miðast við deilistuðulinn 173,33 í kauptryggingu.

Þann 1. júní 2016 verður kauptrygging háseta kr. 288.168, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavaraðar, bátsmanns og netamanns kr. 360.210 og yfirvélstjóra og kr. 432.252. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 9,6%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum verða kr. 328.334.

V.V.  
J.P.A.

J.P.A.  
#

Þann 1. maí 2017 verður kauptrygging háseta kr. 301.136, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 376.419 og yfirvélstjóra og kr. 451.703. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 4,5%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitögurum verða kr. 343.109.

Þann 1. maí 2018 verður kauptrygging háseta kr. 310.170, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 387.712 og yfirvélstjóra og kr. 465.254. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 3,0%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitögurum verða kr. 353.402.

Fæðispeningar skulu hækka um 2,1% frá 1. júní 2016 (vísitala 167,3 stig m.v. janúar 2008 sem grunn) og síðan endurskoðaðir árlega þann 1. maí ár hvert á gildistíma samningsins, fyrst þann 1. maí 2017, og taka þá breytingum miðað við matvörulið vísitölu neysluverðs sem birt er af Hagstofu Íslands í apríl ár hvert.“

## 2. Mælingar skipa

Ný málsgrein bætist við gr. 1.32 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærilega grein í samningi ASA:

„Útgerð skal brúttórúmllestamæla skip sem það er með í rekstri, hafi skipið ekki verið með slíka mælingu fyrir. Mæling skal skráð í skipaskrá.“

## 3. Olíuverðsviðmiðun

Tafla í grein 1.29.1 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærilega grein í samningi ASA orðist þannig vegna breytinga á olíuverðsviðmiðun:

„Skiptaverð innanlands og á vinnsluskipum skv. olíuverðsviðmiðun:

Innanlands	Frosinn botnfiskur		Frosin rækja		Heimsmarkaðsver á gasolíu	\$ fob/tonn
	fob	cif	fob	cif		
80%	77,00%	71,50%	74,00%	68,50%	Lægra en	164,00 USD
79%	76,50%	71,00%	73,50%	68,00%	164,00 USD	184,99 USD
78%	76,00%	70,50%	73,00%	67,50%	185,00 USD	205,99 USD
77%	75,50%	70,00%	72,50%	67,00%	206,00 USD	226,99 USD
76%	75,00%	69,50%	72,00%	66,50%	227,00 USD	247,99 USD
75%	74,50%	69,00%	71,50%	66,00%	248,00 USD	268,99 USD
74%	74,00%	68,50%	71,00%	65,50%	269,00 USD	289,99 USD
73%	73,50%	68,00%	70,50%	65,00%	290,00 USD	310,99 USD
72%	73,00%	67,50%	70,00%	64,50%	311,00 USD	331,99 USD
71%	72,50%	67,00%	69,50%	64,00%	332,00 USD	352,99 USD
70%	72,00%	66,50%	69,00%	63,50%	353,00 USD	og hærra

V.V.  
H.F.  
Shh

#### 4. Frystitogarar

*Grein 5.22 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærileg grein í samningi ASA orðist svo:*

"Skiptakjör.

30,5% miðað við 20 menn  
31,0% miðað við 21 mann  
31,5% miðað við 22 - 24 menn  
32,0% miðað við 25 menn  
32,5% miðað við 26 menn  
33,0% miðað við 27 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,8 fyrir hvern mann sem á vantar.

Fyrir hvern mann sem er um borð umfram 27, skal skiptaprósentan hækka um 0,1.

Fyrir frystitogara þar sem fjöldi í áhöfn hefur á tímabilinu 1.4.2000 – 1.4.2001 að jafnaði verið undir 20 verða ný viðmiðunarmörk vegna skiptingar milli áhafnar og útgerðar 18 menn. Skiptaprósentan á þessum skipum skal vera 30,5% miðað við 18-20 menn."

*Við grein 5.24 í kjarasamningi SFS og SSÍ bætist ný málsgrein við sem verður 2. mgr. og orðist svo:*

„Á frystitogara með 30 eða fleiri í áhöfn og fleiri en eina flökunarvél skulu umsjónarmenn fiskvinnsluvéla að öllu jöfnu vera 4 og skal hver fyrir sig hafa 1 1/16 hásetahlut fyrir það starf. Sé um það samkomulag milli áhafnar og útgerða er heimilt að umsjónarmenn fiskvinnsluvéla séu tveir og skal þá hvor fyrir sig hafa 1 1/8 háestahlut.“

*Grein 5.31 í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:*

„Séu 25 menn eða færri í áhöfn skal háseti aðstoða matsvein 2½ klst. á sólarhring eftir óskum matsveins. Sú aðstoð skal fara fram á vinnuvakt hásetans.

Séu 26 menn í áhöfn eða fleiri skal vera aðstoðarmaður matsveins, og telst hann ekki til eiginlegrar skipshafnar við ákvörðun á mannfjölda og skiptaprósentu. Aðstoðarmaðurinn skal hafa föst mánaðarlaun skv. kaupskrá aðila, sem greiðist af útgerð skipsins, óháð hlutaskiptum annarra skipverja. Vinnutími hans skal vera 10 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 08:30 til kl. 22:00 eftir nánari ákvörðun matsveinsins. Sé aðstoðarmaður ekki um borð skal matsveinn fá laun aðstoðarmannsins til viðbótar sínum

V.V.  
H.J.



aflahlut. Útgerðarmaður skal hafa samráð við matsveininn, ef gera þarf lagfæringar í eldhúsi vegna fjölgunar í áhöfn skipsins.“

### 5. Samningsforsendur

Gerir nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði breytingar á þeim samningi vegna breyttra samningsforsendna eru samningsaðilar sammála um að gera samsvarandi breytingar á kauptryggingu og launaliðum samningsins. Komist nefndin ekki að samkomulagi skulu aðilar endurskoða launalið samningsins.


### 6. Gildistími samningsins

Með þeim breytingum sem hér eru gerðar á samningnum aðila framlengjast þeir til 31. desember 2018 og renna þá úr gildi án uppsagnar. Breytingar samkvæmt kjarasamningi þessum skulu miðast við að taki gildi frá og með 1. júní 2016.


Reykjavík 24. júní 2016

Með fyrirvara um samþykki stjórnar SFS og aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands.

f.h.  
Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi  
og Samtaka atvinnulífsins



f.h.  
Sjómannasambands Íslands



## 1. Bókun um fæðispeninga sjómanna

Aðilar eru sammála um að skoða lög og reglur sem gilda um dagpeninga og það skattalega hagræði sem þeir gætu veitt vegna fæðispeninga sjómanna. Miða skal við að skipulagsbreyting þessi leiði ekki til kostnaðarauka fyrir útgerðina.

## 2. Bókun um athugun á mönnun og hvíldartíma um borð í uppsjávarskipum, ísfisktogurum og dagróðrabátum.

Aðilar eru sammála um að framkvæma athugun á mönnun og hvíldartíma um borð í uppsjávarskipum, ísfisktogurum og dagróðrabátum. Grunnur þessarar athugunar byggir á gildandi ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985, og reglugerð nr. 975/2004 um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum.

Skipa skal starfshóp til að gera þessa könnun, sem skal skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og tveimur fulltrúum tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og VM-Félagi vélstjóra og málmæknimanna. Aðilar eru sammála um að skipa sameiginlega mann til að sinna verkstjórn þessa verkefnis, en hann skal hafa þekkingu á þessu sviði. Aðilar munu óska sameiginlega eftir aðkomu Samgöngustofu að þessari vinnu.

Starfshópurinn skal hefja störf við undirritun kjarasamnings þessa og miða við að hafa lokið störfum sínum sex mánuðum fyrir lok samningstíma þessa kjarasamnings.

## 3. Bókun um yfirferð kjarasamningsins

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði kjarasamningar yfirfarnir í heild sinni. Orðalag einstakra greina fær til nútímans, greinar felldar brott ef ástæða er til og greinum bætt inn ef þörf er á til að endurspegla betur þróun og breytt vinnubrögð útgerðar fiskiskipa og starfa fiskimanna.

Eftirfarandi verkefni skulu unnin á samningstímanum og miðað er við að þeim verði lokið eins og segir við hvern lið:

- Stefnt skuli að því að færa stærðarviðmiðanir fiskiskipa úr brúttórúmllestum í brúttótonn eða lengd í metrum - fyrir lok árs 2017.
- Skoða kafla einstakra veiðigreina, þeir felldir brott eða sameinaðir öðrum veiðigreinum ef samkomulag næst um það - fyrir lok árs 2017.
- Skoða forsendur verðlagningar á afla skipa sem ekki er seldur á uppboðsmarkaði. Sérstaklega skal skoða forsendur verðlagningu á afla

V.V.  
S.P.

Stuð

seldan til eigin vinnslu sem eru ásættanlegar fyrir báða aðila – fyrir lok árs 2017.

- Ræða kostnaðarpáttöku sjómanna í veiðigjöldum, ákvæði 1.39.2 um nýsmíði skipa og sambærileg ákvæði - fyrir lok samningstíma.
- Skoða framtíðargreiðsluhlutfall í lífeyrissjóði - fyrir lok samningstíma
- Skoða páttöku sjómanna í greiðslu iðgjalda slysatrygginga - fyrir lok samningstíma.
- Skoða túlkun 36. gr. sjómanna laga varðandi greiðslur til sjómanna vegna óvinnufærni með hliðsjón af aukinni notkun skiptimannakerfa - fyrir lok samningstíma.
- Kanna fyrirkomulag hafnar- og helgarfría með hliðsjón af þróun útgerðarháttá - fyrir lok samningstíma.
- Önnur atriði sem aðilar verða sammála um að skoða, þar með talið sérkröfur einstakra aðila.

Starfshópur aðila skal vinna að framkvæmd bókunarinnar. Starfshópurinn skal skipaður þremur frá SFS, þremur tilnefndum sameiginlega af FFSÍ, SSÍ, VM og ASV. Starfshópurinn skal halda utan um verkefnið í samráði við ríkissáttasemjara. Hann skal skipaður um leið og kjarasamningur þessi tekur gildi. Starfshópurinn getur óskað sameiginlega eftir aðkomu sérfræðinga eða annarra aðila sem hafa þekkingu á viðkomandi sviðum.

Starfshópurinn skal hefja störf frá gildistöku kjarasamnings þessa og miða við að hafa lokið störfum sínum innan sex mánaða fyrir lok samningstíma þessa kjarasamnings.

